

Sp.

548. Tillaga til þingsályktunar

[272. mál]

um flugrekstur ríkisins.

Flm.: Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Vilmundur Gylfason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sameina allan flugrekstur ríkisins undir yfirstjórn Landhelgisgæslunnar með það að markmiði að auka hagræðingu og sparnað í rekstri.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur flugrekstur ríkisins og ríkisstofnana að vonum vaxið verulega og er sá rekstur af ýmsu tagi.

Landhelgisgæslan er langstærsti flugrekstraraðilinn og hefur á hendi gæsluflug, leitarflug, björgunarflug, sjúkraflug, ísflug o. fl.

Flugmálastjórn annast flugprófanir, leitarflug, sjúkraflug o. fl. Landgræðslan annast sáningu og áburðardreifingu úr lofti og Landmælingar annast mælingaflug með leiguflugvélum. Á vegum Landsvirkjunar er ýmiss konar eftirlitsflug og þannig mætti lengi telja. Auk þess kaupir ríkið ýmiss konar þjónustu af einkaaðilum í flugrekstri.

Hér er um umfangsmikinn rekstur að ræða og sjálfsagt að setja hann undir eina stjórn til að ná fram aukinni hagræðingu og sparnaði í rekstri.

Ríkisfyrirtæki hafa stofnað til flugrekstrar með miklum tilkostnaði, fjárfest í dýrum flugvélum, stundum óhagkvæmum og án tillits til heildarhagsmuna eða samnýtingar með öðrum ríkisfyrirtækjum.

Nýting flugvéla í eigu ríkisins er mjög lítil. T. d. var heildarflugtími flugvélar Flugmálastjórnar á s. l. ári 350 klst. eða innan við 1 klst. á dag að jafnaði. Fokker F27 vélar Landhelgisgæslunnar flugu á sama tíma samtals 1399 klst., sem er innan við 2 klst. á flugvél á dag að jafnaði. Á sama tíma var meðalflugtími Fokker F27 véla Flugleiða 4.71 klst. á dag.

Meðan nýting flugvéla ríkisins er svona lítil eru Landmælingar með fastan samning við einkaaðila um a. m. k. 70 klst. flug á ári fyrir \$ 72 000. Þessu flugi gæti flugvél Flugmálastjórnar auðveldlega annað. Einnig gæti hún annast fjöldann allan af verkefnum fyrir Landhelgisgæsluna samhliða verkefnum Flugmálastjórnar. Má þar nefna ískönnunarflug samhliða eftirlitsflugi og flugi vegna viðgerða tækjabúnaðar Flugmálastjórnar úti á landi.

Rekstrarkostnaður Fokker F27 flugvéla Landhelgisgæslunnar er margfalt meiri en rekstrarkostnaður King Air flugvélar Flugmálastjórnar, en hún hentar þó mjög vel í flest ef ekki öll verkefni Landhelgisgæslunnar, eins og fram kemur í „Áfangaskýrslu nefndar um flugrekstur landhelgisgæslunnar“ útgefinni af fjármálaráðuneytinu í júlí 1975.

Með því að sameina undir eina stjórn allan flugrekstur á vegum ríkisins er unnt að auka verulega nýtingu flugvélakostsins, auka hagræðingu og sparnað í rekstri.

Þar eð Landhelgisgæslan er langstærsti flugrekstraraðili á vegum ríkisins er lagt til að sameinaður flugrekstur ríkisins verði undir hennar stjórn.